

13. gr.

Skilyrðum fyrir leyfinu getur símamálastjórnin breytt, hvenær sem er, án þess að semja þurfi nýjar reglur í heild. 19
7. febr.

14. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust úr gildi, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða;
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari;
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma;
- d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsafnotagjald sitt.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða að láta innsigla það.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og símamálastjórnin, 7. febrúar 1947.

Guðmundur Hlíðdal.

Gunnl. Briem.

AUGLÝSING

20

12. febr.

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað ekki síðar en kl. 1 síðdegis, nema þeir dagar séu mánudagar, þá má hafa opið til kl. 4 síðd.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum og sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Fyrir orðin „15. maí til 14. september“ í 4. mgr. 2. gr. komi: 1. maí til 30. september.

Orðin „en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis“ falli burt.

Við 4. mgr. 2. gr. bætist: Á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal á laugardögum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

Fyrir orðin „14. maí til 13. september“ í 5. mgr. 2. gr. komi: 30. apríl til 29. september.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr., er verði 3. mgr., svo hljóðandi:

Aðfangadag jóla og gamlársgdag til kl. 4 síðdegis.

4. mgr. 4. gr. (verður 5. mgr.) verði svo hljóðandi:

Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 14. september, svo og laugardagana fyrir páska og hvítasunnu til kl. 4 síðdegis, en aðra laugardaga til kl. 6 síðdegis.

20 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkv. 12. febr. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytini öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið 12. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

21

17. febr.

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð á söluverði freðfisks, saltfisks o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum söluverð það á framleiðslu þeirra, sem ákveðið er í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

1. Þorsk-, löngu- og ýsuflok, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. kr. 1.33
2. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 1.90
3. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 1.92
4. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 1.95
5. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan, ½ kg öskjur, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 1.98
6. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 2.02
7. Ýsuflok roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 1.97
8. Ýsuflok roðlaus, vafin í cellophan í 2 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 1.98
9. Ýsuflok roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 2.01
10. Ýsuflok roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 2.04
11. Ýsuflok roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 2.08
12. Steinbítflök roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 1.52
13. Steinbítflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. — 1.87